



REYKJAVÍKURBORG  
GÖNGUGÖTUR  
JÚLÍ - ÁGÚST 2018



## AÐFERÐ

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

## ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

SP1: VIÐHORF TIL GÖNGUGATNA	
SP2: ÁSTÆÐUR VIÐHORFS	
SP3: TÍMABIL GÖNGUGATNA	
SP4: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á MANNLÍF	
SP5: AÐSÓKN AÐ GÖNGUGÖTUSVÆÐINU	
SP6: TÍÐNI FERÐA Á GÖNGUGÖTUSVÆÐIÐ	

BLS. 3

BLS. 4

BLS. 11

Bls.

11

15

31

35

38

41



## MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir **Reykjavíkurborg**. Hún er um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna miðborgarinnar. Þetta er í annað sinn sem hún er framkvæmd.

Könnunin var lögð fyrir Reykvíkinga í Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. Panel) dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu daga 26. júlí - 22. ágúst 2018. Svarendur eru af báðum kynjum á aldrinum 18-75 ára úr öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Svarendur voru **768** og voru gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldur og búsetu (póstnúmera) í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá. Við vigtum gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Í upphafi könnunarinnar birtist kort af göngugötusvæði Reykjavíkur með eftirfarandi skýringartexta:

*Undanfarin ár hefur nokkrum götum í miðborg Reykjavíkur verið breytt í göngugötur, milli 1. maí og 1. október. Eftirfarandi götum er breytt í göngugötur:*

- Laugavegi og Bankastræti, milli Vatnsstígs og Þingholtsstrætis.
- Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Laugavegar.
- Austurstræti, Veltusundi og Vallarstræti.
- Pósthússtræti, milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 23. ágúst 2018.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Birgir Rafn Baldursson

Þorkell Stefánsson

## STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

**Meðaltal** í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

**Staðalfrávik** í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í krin gum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítil munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

**Vikmörk** eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.


**T-próf** er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja hópa þegar svörin eru á kvarða.

**ANOVA** er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur ýmist verið nefnt ferveikagreining eða dreifigreining á íslensku. ANOVA er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja eða fleiri hópa þegar svörin eru á kvarða.


**Ki-kvaðrat próf** er notað er til að meta hvort marktækur munur sé á tveimur eða fleiri hópum þegar svörin eru ekki á kvarða.



## 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?




## 3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?





## 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?




## 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímamann?





### 3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?




### 3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?







## 4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?




## 4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?





Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?


	Fjöldi	%
Mjög jákvæð(ur) (5)	363	49,4
Fremur jákvæð(ur) (4)	159	21,6
Í meðallagi (3)	130	17,7
Fremur neikvæð(ur) (2)	46	6,2
Mjög neikvæð(ur) (1)	37	5,0
Gild svör	734	100,0
Gildir svarendur	734	95,5
Svöruðu ekki	34	4,5
Heildarfjöldi	768	100,0



Meðaltal	4,04
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,08
Staðalfrávik	1,17



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög jákvæð(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög neikvæð(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.



Ekki er marktækur munur á meðaltali frá síðustu mælingu skv. t-prófi.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?














	Gild svör		Fremur jákvæð(ur)		Í meðallagi	Neikvæð(ur)	Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%			
<b>Allir</b>	<b>734</b>	<b>49,4</b>	<b>21,6</b>	<b>17,7</b>	<b>4,04</b>	<b>-0,00</b>	
<b>Kyn</b>							
Karl	370	51,6	20,7	13,8	4,02	0,10	
Kona	364	47,1	22,6	21,7	4,06	-0,11	
<b>Aldur*</b>							
18-29 ára	185	58,6	19,3	20,1	4,34	0,39	
30-39 ára	150	64,8	19,7	10,0	4,42	0,13	
40-49 ára	130	43,6	20,0	20,8	3,83	-0,21	
50-59 ára	128	44,1	23,2	17,7	3,90	-0,25	
60 ára og eldri	141	31,2	26,8	20,0	3,57	-0,25	
<b>Hverfi*</b>							
101-Miðborg	104	76,4	7,0	10,8	4,52	0,13	
103-Kringlan	10	54,4	28,3	9,2	4,29	0,63	
104-Laugardalur	57	51,3	20,3	16,8	4,10	0,17	
105-Hlíðar	104	63,6	18,5	10,2	4,34	-0,03	
107-Vesturbær	49	51,0	23,5	18,9	4,15	0,05	
108-Fossvogur	76	49,9	26,4	16,8	4,16	0,05	
109-Neðra Breiðholt	68	25,5	30,7	24,3	3,53	-0,29	
110-Árbær	75	50,3	25,6	16,0	4,15	-0,07	
111-Efra Breiðholt	52	33,9	27,6	16,9	3,64	0,24	
112-Grafarvogur	101	33,7	19,7	27,9	3,57	-0,16	
113-Grafarholt og Úlfarsárdalur	32	39,0	30,5	24,1	3,99	-0,09	
116/162-Kjalarnes	7	8,6	32,3	40,5	3,31	-0,52	

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

	Gild svör		Fremur jákvæð(ur)		Í meðallagi	Neikvæð(ur)		Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%				
<b>Allir</b>	<b>734</b>	<b>49,4</b>	<b>21,6</b>	<b>17,7</b>	<b>11,3</b>		4,04	-0,00
<b>Menntun*</b>								
Grunnskólapróf	85	32,0	19,2	27,5	21,3		3,51	-0,13
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	228	39,6	27,5	19,5	13,5		3,87	0,04
Háskólapróf	391	60,1	18,5	13,5	7,9		4,28	-0,02
<b>Heimilistekjur</b>								
Lægrí en 400 þúsund	83	49,1	22,6	15,0	13,3		4,00	-0,14
400 til 549 þúsund	92	50,8	18,1	17,9	13,2		4,00	0,22
550 til 799 þúsund	129	48,2	16,6	26,1	9,1		4,01	0,01
800 til 999 þúsund	94	58,4	16,3	15,0	10,2		4,18	0,04
Milljón til 1.199 þúsund	101	57,8	19,8	12,5	9,8		4,23	
1.200 þúsund eða hærrí	121	47,4	30,6	14,8	7,2		4,14	
<b>Hjúskaparstaða</b>								
Gift/Kvæntur/Í sambúð	508	48,6	23,3	17,4	10,7		4,06	-0,03
Einhleyp(ur)	162	56,8	15,8	15,2	12,2		4,10	0,12
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	38	35,7	17,8	26,9	19,6		3,60	-0,39

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



## Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

	Gild svör		Fremur jákvæð(ur)		Í meðallagi		Neikvæð(ur)		Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%	%				
<b>Allir</b>	<b>734</b>	<b>49,4</b>	<b>21,6</b>	<b>17,7</b>	<b>11,3</b>		4,04	-0,00	
<b>Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?*</b>									
Ég vil göngugötur allt árið	177	96,4	3,2	0,4	0,0		4,96	0,17	
Of stutt	42	87,1	12,9	0,0	0,0		4,87	0,30	
Hæfilegt	281	44,9	36,6	17,5	1,0		4,25	-0,16	
Of langt	177	13,6	23,4	37,3	25,8		3,19	-0,25	
Ég er alfarið á móti göngugötum	34	0,0	0,0	6,0	94,0		1,32	-0,17	
<b>Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?*</b>									
Mjög jákvæð	322	90,4	9,1	0,6	0,0		4,90	0,06	
Fremur jákvæð	228	27,8	48,9	21,8	1,6		4,02	-0,06	
Í meðallagi/ Neikvæð	166	2,3	8,4	42,7	46,6		2,46	0,05	
<b>Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?*</b>									
Já	611	55,1	21,3	13,0	10,5		4,16	0,01	
Nei	107	19,2	23,2	40,5	17,1		3,41	-0,27	
<b>Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*</b>									
Sjaldnar en mánaðarlega	196	17,8	29,6	33,9	18,7		3,39	-0,22	
1-3 sinnum í mánuði	281	51,5	24,9	14,2	9,4		4,14	0,09	
Vikulega eða oftar	236	73,5	11,5	7,0	8,0		4,46	0,11	

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Mjög neikvæðir

#### 101 - Miðbær

- Erfitt fyrir eldra fólk og hreyfihamlaða.
- Lengur að komast á milli staða.

#### 104 - Laugardalur

- Vil komast á bíl.

#### 105 - Hlíðar

- Er með hreyfihömlun, erfitt að komast í verðslanir á Laugaveg og í miðborg.
- Erfitt fyrir hreyfihamlaða og fyrir umferð.
- Göngugötur draga úr verðslun og minnka líf í miðbænum.
- Í þau fáu skipti sem ég fer niður í miðbær þegar ég rúnta þar um. Þegar ekki er hægt að keyra þessar götur sleppi ég því frekar að fara. Ég veit um fleiri sem eru á sama máli.
- Þá getur maður ekki keyrt niður þær götur.

#### 107 - Vesturbær

- Heft aðgengi að fyrirtækjum og þjónustu sem ég sæk á svæðinu.
- Slæmt fyrir þá sem eiga erfitt með að ganga lengri leiðir.
- Öll umferð í borginni er í ólestri.

#### 108 - Fossvogur

- Óþarfi. Frekar lækka hámarkshraða.

#### 109 - Neðra-Breiðholt

- Eiga engan rétt á sér.
- Gangstéttir eru til að ganga á og götur sem lagðar eru í upphafi sem akstursgötur eiga að vera fyrir akandi umferð. Það geta ekki allir gengið.
- Minnkar aðgengi annarra en þeirra sem búa á svæðinu.
- Þetta er miðbær Reykjavíkur - ekki eitthvert túristasýnishorn af borg sem ekki er fyrir íbúa hennar. E.t.v. væri hægt að þvæla einhverjum til að leika íbúa á svæðinu!

#### 110 - Árbær

- Bara hafa þetta eins og er.
- Þetta er erfitt fyrir öryrkja að komast að fyrirtækjum þar sem göngugötur eru.

#### 111 - Efra-Breiðholt

- Ennþá erfiðara að fara um miðborgina.
- Gríða leg fækkun bílastæða, ógerningur fyrir þjónustubíla að komast að fyrirtækjum til að þjónusta yfir allt árið og þrælversnar yfir sumartímann.
- Þessi gjörningur er ekki fyrir okkur Íslendinga. En fyrst og fremst er verið að útiloka hreyfihamlaða frá miðbænum. Fólk með göngugrindur og skerta hæfni til gangs fer ekki lengur í bæinn.

#### 112 - Grafarvogur

- Erfitt að ferðast fyrir venjulegt fólk fyrir utan fólk sem býr í 101.
- Erfitt að finna bílastæði í miðborginni og erfitt að komast um og að búðum á lokuðum götum.
- Fólk sem erfitt með gang er nánast bannað fara um þær og svo eru þetta akbrautir en ekki gaugubrautir fólk sem hefur gaman að því að ganga á að ganga á þar til gerðum stígum.
- Heftir aðgengi að verðslunum og þjónustu, þess vegna verla ég síður í miðbænum. Maður hefur oft ekki miðinn tíma til að labba langar leiðir þegar maður er að stússa eftir vinnu. Þá er voða gott að geta stokkið út úr bílnum, sinna sínu erindi og láta svo pikka sig upp aftur.
- Lokunin varir of lengi. Væri nóg að hafa lokað í þrjá mánuði.
- Miðborgin á að vera fyrir alla ekki bara útvalda.
- Skemmir götuna, sem verðslun við seljum til Ísl. 80-90%.
- Það truflar umferðina og engin bílastæði.
- Þetta eru götur.

#### 113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur

- Þetta fælir mig frá miðborginni.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Fremur neikvæðir

#### 101 - Miðborg

- Fyrirtæki, verslanir eru að hverfa úr miðbænum.
- Hamla aðgengi að þjónustu.
- Takmarkar aðgengi eldra fólks og þeirra sem eiga erfitt með gang. Lokar of mikið af verslanir á svæðinu.
- Vegna aldurs er ég ekki mjög gangfær.

#### 103 - Kringlan

- Andbílismi.

#### 104 - Laugardalur

- Erfitt að komast leiðar sinnar nema þú búir í miðborginni.
- Ég fer minna á laugarveginn eftir að lokunin byrjaði það er alltaf gaman líka að keyra í gegnum miðbæinn.
- Mér finnst það í lagi í miðbænum sjálfum en alls ekki Laugaveg/Bankastræti og Skólavörðustíg.
- Vegna þess þetta er ekkert notað þar sem þetta byrja við Vatnsstíg, ekkert meiri umferð fyrir ofan, þ.e. gangandi.
- Við erum bílaþjóð.

#### 105 - Hlíðar

- Bílastæði.
- Erum ekki það fjölmenn að eg telji þörf á því.
- Ég er hreyfi hömluð eins og svo margir aðrir og við megum ekki aka á bílunum okkar niður Laugavegin. Mörg okkar og þar á meðal ég, getum ekki gengið langa leið og eigum líka erfitt með að fá nógu breitt bílastæði.
- Taflrá á umferð.
- Takmarkar allt aðgengi og umferð.
- Vil geta komist þangað á bíl.
- Það er bara ekkert gaman lengur að rúlla sér í ökuferð um bæinn því að miðborgin er öll lokuð. Einnig nennir maður ekki að fara niður í bæ til að versla þegar allt er lokað út um allt.

#### 107 - Vesturbær

- Af því ég kemst ekki leiðar minnar þegar ég er á bíl, ef ég er labbandi finnst mér þetta fint!
- Allt of margar götur eru göngugötur.

#### 108 - Fossvogur

- Ég er einn af þeim Reykvíkingum sem ferðast um miðbæinn í bíl. Þar með lokast miðbærinn fyrir mér.
- Ég vil geta keyrt um göturnar.

#### 109 - Neðra-Breiðholt

- Af því að hreyfi hamlaðir þurfa líka að komast.
- Af því að umferðin er ekki það mikil og við þufum bara að læra að taka tillit til hvors annars gangandi og bílar.
- Eingu hlynnt þegar veðrið er gott. Hef horft upp á það í sumar að það gengur enginn á götunum og enginn bíllsvo það vantar líf. Er að drepa alla verslun, væri brjáluð ef ég væri verslunareigandi.
- Finnst ég eiga að geta keyrt alla götuna, finnst fólk ekki nota þetta sem göngugötu (fólk labbar hvort eð er alltaf á gangstéttinni þó svo gatan sé lokuð). Miðbærinn er nógu flókinn fyrir, þarf ekki að loka götum svo það sé enn meira vesen að keyra í miðbænum. Ef ég ætti búð á sumar/göngugötu væri ég ósátt með það vegna vöruafhendingar og fleira.
- Æ, það er vonlaust að fara í miðbæinn orðið, hvergi hægt að fá bílastæði.

#### 110 - Árbær

- Ekki allir sem geta gengið.
- Finnst borgin vera farinn að hugsa of lítið um bíla meira um hjól og gangandi.
- Þetta er bílagata.

#### 111 - Efra-Breiðholt

- Erfitt að fara á bíl í miðbæinn.
- Vegna fyrirtækja á þessu svæði.
- Það geta ekki allir gengið.





Sp. 2. Hvers vegna ert þú **fremur neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

## Fremur neikvæðir

### 111 - Efra-Breiðholt

- Aðeins fyrir túrista.
- Erfitt að fara á bíl í miðbæinn.
- Skemmir verslun.
- Vegna fyrirtækja á þessu svæði.
- Það geta ekki allir gengið.
- Þarf að komast í bíl.

### 112 - Grafarvogur

- Heftir akstur og aðgang að þeim hluta sem er lokaður.
- Maður nýtur þess ekki nema í mjög góðu veðri, annars vill maður komast leiðar sinnar á bíl.
- Veðrið eins og það er. Rigning út í eitt. Lítið gaman að rölta.
- Það heftir aðgengi eldri borgara og fatlaðra. Og er því verið að mismuna fólki. Fyrir utan það að það er orðið mjög leiðinlegt að fara í miðbæinn.

### 113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur

- Ferðamenn versla ekki vörur í miðbænum, fælir Íslendinga sem versla frá.

### 116/162 Kjalarnes

- Göngugötur kippa fótunum undan þeim rekstri sem þar er. Ekkert samráð er haft við eigendur fyrirtækja.
- Villandi.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Í meðallagi jákvæðir/neikvæðir

#### 101 - Miðborg

- Þras að finna stæði ef maður vill komast í búð sem er á lokaða svæðinu.
- Bæði jákvætt og neikvætt.
- Eitthvað gott við það en sakna gamla fyrirkomulagsins.
- Erfiðar íbúum, starfsfólki og viðskiptavinum aðkomu.
- Erfitt að komast um fyrir íbúa og þá sem vinna á svæðinu. Stundum þarf að komast með þunga hluti og í sumum tilfellum með gamalt fólk og fótafútið og þá eru svona miklar lokanir óþægilegar. En það er líka gaman að hafa svæði sem eru lokað bílaumferð.
- Ég bý á þessu svæði og kemur sér ekki alltaf vel.
- Getur verið slæmt fyrir búðareigendur og sem manneskja á bíl þarf maður að breyta rútínu sinni um að komast um bæinn.
- Hefur sína kosti og galla.
- Í lagi fyrir þá sem vilja en nota þetta ekki sjálf.
- Kannski óþarfi að loka svona lengi.
- Slæmt að gengi að verslunum / þjónustu í miðbæ.
- Það er erfitt fyrir hreyfihamlaða og aldraða og þá sem eiga erfitt með að ganga eða hjóla að komast í miðbæinn.
- Það mun henta svo mörgum öðrum en mér, því ég er oftast nær akandi.

#### 103 - Kringlan

- Sumir geta bara ferðast á bíl.

#### 104 - Laugardalur

- Er sjaldan í miðborginni þannig að þetta hvorki truflar né hjálpar mér.
- Finnst óþarfi að loka götum í slagviðri. Fínt að loka ef sólin skín og bærinn fullur af gangandi flóki.
- Skiptir mig engu máli.
- Sæki litla þjónustu í miðbæinn.
- Það er gott að hafa göngugötur en getur verið óhentugt að loka götum ef fólk á leið þar í bíl.
- Það er vesen að koma akandi Laugarvegin og hann er lokaður.

#### 105 - Hlíðar

- Efins um tilganginn.
- Er lítið í miðbænum. Fannst mikilvægara að geta keyrt í gegnum miðbæinn en að labba á götunni þegar ég bjó í miðbænum.
- Fínt á sumardögum ef maður er að ganga þarna en held að þetta nýtist ekki það mikið. Þirrandi að hafa færri bílastæði þar sem þau eru offá fyrir. Erfitt fyrir þá sem eru að koma með vörur í fyrirtekni á svæðinu.
- Gott fyrir gangandi en slæmt fyrir vörumóttöku og rúnt.
- Mannlífið verður öðruvísi þegar ekki þarf að huga að bílaumferð. Mengun minnkar.
- Mjög erfitt að komast til eða frá miðborginni. Líst vel á að hafa göngugötur, en þegar hinar göturnar eru lélegar í að hægt sé að keyra þá virkar þetta illa.
- Of mikið um lokanir til viðbótar vegna framkvæmda.
- Truflar mig ekki því að ég fer nánast aldrei í miðbæinn.
- Vegna þess að þrátt fyrir að það sé mikil umferð af gangandi vegfarendum þá hefur þetta haft greinileg áhrif á fjölbreytileika þjónustu í miðbænum.
- Þetta þirrar mig stundum þegar ég þarf að komast leiðar minnar í miðbænum. Þannig að ég er svona semí-jákvæður með þetta.

#### 107 - Vesturbær

- Alveg sama, nenni ekki í miðbæinn - alltof troðið.
- Finnst lokarnar í lagi kannski hluta dags.
- Fínt fyrir mannlífið á viðkomandi svæði en getur verið mjög óþægilegt fyrir íbúa á svæðinu. Ég á skyldmenni sem býr á lokaða svæðinu og hef því kynnst því hve mikil höft fylgja lokuninni fyrir íbúa. Þessi íbúi hefur staðið í framkvæmdum í húsinu sínu og lent í miklum vandræðum við að öföng og að losna við dót við þær framkvæmdir. Borgaryfirvöld hafa verið ósveigjanleg og boðið einungis upp á lausnir sem hafa kostað taísverða peninga og önnur óþægindi. Þarna gleymist að miðbærinn er enn íbúðasvæði.
- Nokkuð jákvæð.
- Skemmtilegt fyrir bæjarlífið en þreytandi fyrir umferð.
- Skiptir mig ekki miklu máli þar sem ég get enþá gengið ef ég þarf eitthvað að sækja sem er við þessar götur. Gaman að geta rólt um göturnar án bílaumferðar.
- Þetta er allt í lagi.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Í meðallagi jákvæðir/neikvæðir

#### 108 - Fossvogur

- Ég fer mjög sjaldan í miðbæinn, þannig að það skiptir mig ekki máli hvort það séu göngugötur í miðborginni.
- Í lagi ef það tefur ekki almenna umferð ökutækja og þeirra sem þurfa að komast um borgina.
- Í meðallagi.
- Skerðir möguleika hreyfihamlaðra.
- Snertir mig ekkert. Sæki ekkert í miðbæinn.
- Stundum þarf að komast á bíl í þessar götur t.d. í vondu veðri. Aðra daga getur verið gott að ganga.
- Sumir þurfa einfaldlega að geta ekið að þeim stað sem þeir ætla að fara á.
- Vegna þess að ég á íbúð á þessu svæði sem ekki var hægt að komast að á bíl vegna þessa.

#### 109 - Neðra-Breiðholt

- Ekki nógu kunnugur.
- Er sjaldan í miðbænum. Þetta skiptir mig ekki máli.
- Erfitt að komast að búðum á t.d. Laugavegi.
- Ég er lítið í miðborginni svo þetta hefur takmörkuð á hrif á mig.
- Ég held að það geri tilveruna erfiðari fyrir fyrirtæki sem gera út á þjónustu við aðra en túrista.
- Fer lítið sem ekkert í miðbæinn.
- Fer sjaldan í miðbæin.
- Get ekki keyrt þær.
- Mér er alveg sama, er alveg hættur að fara í miðbæinn meðal annars út af göngugötum og öðru bulli í þessum blessuðu borgarfulltrúum okkar.
- Þeirra ndi að geta ekki keyrt niður Laugavegin og mjög þeirra ndi að það er endalaust verið að fækka stæðum t.d. á Laugaveginum.
- Það er mjög erfitt að komast leiðar sinnar í miðbænum og maður getur lent í alls konar ófyrirsjáanlegum tálmunum á leið sinni.
- Það eru svo margir gangandi.

#### 110 - Árbær

- Af því að maður þarf stundum að ganga lengra eftir þjónustu.
- Á köflum tilgerðarlegt, fremur en praktískt. Það auki eru hjólréiðar, einhverra hluta vegna, ekki bannaðar á þessum svæðum - sem er algert tilbrot við „göngu“-götur.
- Er hvorki á nægð né óánægð og fer afar sjaldan niður í miðbæ.
- Ég fer mjög sjaldan í miðborgina.
- Mér finnst þetta of mikill lokun. Finnst lokunin á Laugavegi og Bankastræti óþörf og mér skilst að s umir verslunareigendur séu mjög óánægðir með þessar lokanir. Mér finnst hin lokanirnar mættu þess vegna vera allt árið.
- Óþægi lef lokun á Laugarvegi.
- Spillir fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.
- Tefur samgöngur.

#### 111 - Efra-Breiðholt

- Fer nánast aldrei í miðbæinn.
- Finnst fínt að geta keyrt þangað sem mig vantar að komast.
- Mín vegna mætti vera opið fyrir bíla.
- Skemmtilegt að geta rúntað um miðbæinn.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

## Í meðallagi jákvæðir/neikvæðir

### 112 - Grafarvogur

- Alveg sama.
- Breytir mig litlu, fer sjaldan niður í bæ.
- Ekki gott fyrir starfandi fyrirtæki í miðborginni, en betra fyrir gangandi vegfarendur.
- Er fínt þegar maður er gangandi en algerlega óþolandi þegar keyrt er um miðbæinn. Enda er maður hættur að gera sér ferð niður í bæ til að versla og útrétta. Minn miðbær er Skeifan og nágrenni.
- Erfiðara að komast leiðar sinnar.
- Erfitt að komast um á bíl.
- Fer lítið í miðborgina, því hefur þetta lítil áhrif á mig.
- Fer sjaldan í miðbæinn.
- Hef ekki miklaskoðun, sæki lítið í miðbæ.
- Man aldrei eftir lokunum þá sjaldan ég ek niður Laugavegin og þarf að taka á mig krók. Finnst þetta samt alveg fínt.
- Mer finnst fullmikil lokun.
- Mér er eginlega bara alveg sama hvort það er eða ekki.
- Nýti þessar götur takmarkað.
- Skiptir mig engu máli, fer nánast aldrei þessar götur.
- Skiptir mig engu máli.
- Skiptir mig litlu máli þar sem ég kem sjaldan í miðbæinn að skoða Lundabúðir.
- Stundum er þetta of mikið er tilfelli að malbika nálægt.
- Vil ekki hafa of margar götur göngugötur. Of miklar krókaleiðir til þess að komast á áfangastað.
- Það er ekki orðið farandi niður í miðbæ.
- Þetta tefur mig.

### 113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur

- Fólk getur gengið á göngustígum, flækir umferð.
- Gott að losna við bílaumferð.
- Hefur lítil áhrif á mig kem þangað mjög sjaldan.
- Mér er bara sama.
- Mér finnst þetta skerða aðgengi að verslunum og þjónustu á viðkomandi svæði.
- Stundum heftandi þegar maður þarf að fara í eina búð og þarf að leggja langt frá. Verður til þess að maður fari ekki í þá búð heldur reyni að finna annað.
- Svo gangandi njóti sín betur þá fáu daga sem veðrið er gott.

### 116/162 - Kjalarnes

- Fer þangað sjaldan.
- Gott fyrir fólk með ok hreyfigetu en heldur erfiðara fyrir fólk með skerta getu.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Fremur jákvæðir

#### 101 - Miðborg

- Aukiinn fjöldi gangandi fólks á svæðinu. Minni mengun. Skemmtilegra mannlíf.
- Bý í miðbænum.
- Er miðbæingur.
- Gott að ganga þar.
- Meira líf og auðveldara að ganga á milli staða.
- Minni mengun, gangandi vegfarendur njóta sín.

#### 103 - Kringlan

- Búa til stemmingu eins og er í öðrum borgum.
- Það er gott að ganga.

#### 104 - Laugardalur

- Betra að hjóla og ganga.
- Betri miðbæjarstemming.
- Gott að geta gengið um göturnar laus við bílaumferð.
- Góð stemming.
- Huggulegt í góðu veðri.
- Meira fólk úti við.
- Mér finnst verða meiri stemming, verður öðruvísi mannlíf.
- Mynda st góð stemmning meðal gangandi fólks.
- Skapar skemmtilega mannlíf.
- Skapar betri stemmningu.
- Því það er algjör óþarfi að hafa bílana alls staðar. Ég ferðast mikið á bíl en finnst óþarfi að fara Laugavegin á honum, alveg sama hvert maður er að fara.

#### 105 - Hlíðar

- Auðveldara að komast um vegna fjölda ferðamanna.
- Betri stemmning.
- Finnst þetta góð hugmynd í ta kt við borgir í kringum okkur.
- Lífligt mannlíf.
- Mikil mannlíf.
- Minni bílaumferð.
- Skapar skemmtilega stemmningu í bænum, og ég fer minna leiða á hjóli yfir sumartímann.
- Skapar skemmtilegt andrúmsloft.
- Skemmtileg stemmning sem skapast - en vil samt ekki að þetta verði til þess að kaupmenn fari afsvæðinu.
- Vegna mikillar umferðar og svo má ekki gleyma tækifærinu til að njóta blíðviðrisins í Reykjavík! Bílar eru nauðsynlegri í ve traríðinni!
- Það myndast skemmtilegri stemmning í bænum þegar fólk labbar um heldur en þegar það keyrir. Afslappaðra andrúmsloft.

#### 107 - Vesturbær

- Bý í bænum og geng þangað. Fer ekki á bíl.
- Finnst frábært að það sé göngugata yfir sumartímann svo lengi sem maður getur keyrt nálægt þeim.
- Göngugötur bjóða upp á stemmningu og mannlíf sem annars þrífst illa/ekki. Götulist, skreytingar ýmsar, listaverk, útisetu við veitingahús/kaffihús o.fl.
- Mér þykir gott að njóta sumarsins í miðbænum og sólríkasti hluti götunnar er yfirleitt miðjan þar sem ekið er.
- Minni mengun og engin óþarfa umferð.
- Skapar skemmtilega sumarstemmningu.
- Svo mikið af ferða mönnum að fólk væri öxl í öxl bókstaflega ef að það gæti bara verið á mjóum gangstéttum.
- Það er svo gaman að hafa líf á götum.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Fremur jákvæðir

#### 108 - Fossvogur

- Er það mikill fjöldi á gangi á ákveðnum stöðum svo þetta er nauðsynlegt.
- Finnst notalegt að labba þar sem ekki eru bílar.
- Gott að labba bara í góðu veðri.
- Losna við bílana, meira líf.
- Mannlíf miklu betra.
- Mikið af gangandi fólki og það eykur pláss þeirra.
- Minni umferð í miðbæ.
- Notalegt að ganga í friði frá bílaumferð.
- Skemmtileg stemning sem fylgir.
- Skemmtilegt.
- Það styttri kannski upp.

#### 109 - Neðra-Breiðholt

- Betra aðgengi.
- Eykur örugg svæði fyrir fjölskylduna.
- Gott að geta gengið það sem maður þarf að fara. Er sjaldan í miðborginni, veit að hentar búðunum illa.
- Göfgar mannlífið í miðbænum.
- Mjög.
- Var ekki búin að mynda mér skoðun um þetta mál.
- Vegna fjölda fólks í miðborginni og svo skapast góð stemning.
- Það er í lagi að minnka umferð í miðbænum.
- Það léttir andrúmsloftið að þurfa ekki að standa sér mengun, heyr í þeim (bíluum) og sjá þá silast fram hjá. Auðveldara að sitja fyrir utan kaffihús. Meira pláss fyrir gangandi vegfarendur. Fleiri tækifæri fyrir uppákomur t.d. listamenn að störfum. Bara öðruvísi og skemmtilegri stemning.
- Því það er fínt að geta rölt um þar sem oft er þröngt á göngustígum.

#### 110 - Árbær

- Aðeins meira afslappandi að ganga um á sumrin án bílaumferðar.
- Betra ef mikið affólki á ferð.
- Bílar hafa ekkert að gera í miðbænn. Leggja á hersu á bílastæði „nærri“ miðbænum, ca. 5-10 mín gangur.
- Finnst í lagi að þetta séu göngugötur á sumrin - þegar oft, þó ekki þetta sumarið, er hægt að njóta útiveru.
- Finnst það skapa góða stemmingu niður í miðbæ.
- Fínt en mætti hætta 1. sept í stað 1. okt þar sem tilgangur þessarar götu er að ganga á henni og veðrið á það til að hætta að leyfa það í september.
- Meira pláss fyrir gangandi. Þeir öruggari, betri stemming.
- Myndast miðborgarstemning.
- Skemmtilegra að ganga um miðbæinn.
- Það er svo mikið af fólki að það þarf pláss en að sama skapi þarf að vera betra pláss fyrir bíla.
- Þá er fleira fólk á ferli og ef góðir dagar koma getur verið gott að hafa götuna einungis fyrir gangandi.
- Þær skapa jákvætt umhverfi fyrir gangandi en á sama tíma nokkuð neikvætt fyrir umferð bifreiða. Það má skoða hvernig gera má þægilegri aðkomu fyrir bíla í bænn því fjölskyldan er hætt að nenna þangað.

#### 111 - Efra-Breiðholt

- Bjóða upp á mun rólegri ferðamáta.
- Gott að geta gengið milli búða án þess að hafa ahyggjur af umferð.
- Laus við bílaumferð.
- Til að mynda gangandi miðborgarstemmingu án truflunar ökutækja. Rólegheit og minni hávaði og mengun.
- Það lífgar upp á mannlíf í miðbænum.
- Öruggara að ganga með börn.

#### 112 - Grafarvogur

- Finnst það skapa stemmingu.
- Gott fyrir mannlífið.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Fremur jákvæðir

#### 112 - Grafarvogur

- Auðveldar aðgengi þegar margir eru á ferðinni.
- Betra fyrir mannlíf í borginni.
- Finnst það skapa stemmingu.
- Gefur borginni skemmtilegt yfirbragð.
- Gerir mannlíf skemmtilegra.
- Gott fyrir mannlíf.
- Meira mannlíf.
- Skapar stemmingu.
- Skemmtilegra mannlíf á göngugötum.
- Skemmtilegri stemning í miðbænum. Skemmtilegra að labba um miðbæinn.
- Útvera og njóta.
- Verður fjölbreyttara mannlíf á sumrin.
- Það er fleira fólk á ferli og leiðinlegt að ganga um bæinn í útblástursmenguninni frá bílum.
- Það er svo mikið af fólki þarna yfir sumartímann að það er fínt að hafa meira pláss en bara gangstéttirnar til þess að labba á.
- Það er svo mikill fjöldi gangandi fólks kringum miðbæinn og því fínt að fá alla götuna fyrir gangandi fólk og þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að stíga út fyrir gangstéttina og í veg fyrir akandi bíl.
- Þægilegt að labba.

#### 113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur

- Bara.
- Betra mannlíf.
- Gaman að geta skoðað sig um án bíltruflunar.
- Gaman að rölta þar um.
- Gefur borginni líf.
- Gerir borgina líflegri og líkist meira borgum erlenis.
- Gott að geta gengið um laus við bílaumferð.
- Gott fyrir bæjarlífið.
- Mikið af fólki í bænum og auðveldar að komast áfram.
- Minni mengun.
- Minni slyshætta.
- Of mikil umferð, mjóar götur og mikið fólk í bænum á þessum tíma.
- Skapar ákveðna stemningu, stæði eru hvort er að skornum skammti.
- Skemmtilegt ef veður er gott.
- Það er bara allt of mikil bílaumferð og fólk fær þá að njóta betur að ganga um þessar götur.
- Þetta eru gamlar hestagötur og hæfa vel sem göngugötur. En mjög illa til þéttingar byggðar í stíl gáma arkitektúrs eins og nú ríður húsum hjá Degi og co.

#### 116/162 - Kjalarnes

- Finnst notaleg stemming myndast.
- Gott fyrir mannlíf.
- Kaffihúsamening.
- Meira mannlíf, betri möguleiki til að sitja úti, njóta mismunandi mannlífs og uppákoma.



## Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Mjög jákvæðir

#### 101 - Miðbær

- Auðgar mannlíf.
- Auðveldar göngu um miðbæinn og þarfi að vera þar á bíl.
- Betra að umferð sé bara fyrir gangandi vegfarendur, nóg af stæðum rétt utan við þetta svæði. Sérstæða miðbæjar er einmitt bílleysið.
- Betra mannlíf, skemmtilegra að labba um miðbæinn.
- Blómstrandi mannlíf og minni mengun.
- Borgin verður mun meira lifandi, nærandi umhverfi með fleira fólki á ferli en ekki fara bakvið glugga. Allt lifnar við.
- Breytir stemmingunni í miðbænum algjörlega.
- Bættir mannlíf.
- Eykur á nægjuna að vera þarna og bílar eiga ekki heima í svona þröngum götum.
- Eykur mannlífið í miðbænum.
- Ég er bíllaus og bý í nágrenninu, það er mjög kósý að ganga þarna í kringum fullt af fólki. Það býr líka til aðra menningu á því svæði.
- Ég kys mannlíf fram yfir bíla.
- Finnst bara gaman að hafa mannlíf á götunum og þurfa ekki að hugsa út í umferðina.
- Finnst frábært að losna við umferð í miðbænum.
- Fjöldi fólks í miðbænum hefur aukist mikið síðustu ár og þetta eykur á nægju mína að því leiti að ég þarf ekki að ganga í mikilli kös.
- Friður og ró ásamt nægu pláss fyrir gangandi og hjólandi. Minni mengun.
- Færri bílar.
- Gamnan að geta gengið í miðbænum og laus við mengandi og hávaðasama bíla.
- Gangstéttar allt of þröngar. Með fjölgun túrista vantar mun meira pláss fyrir gangandi vegfarendur. Minni hávaði og mengun.
- Gerir götuna skemmtilegri. Það er eiginlega óþarfi að hafa umferð þar.
- Gerir miðborgina skemmtilegri.
- Gott að geta gengið um miðbæinn.
- Gott að halda bílaumferð í lágmarki og gangandi vegfarendur fá að njóta miðborgarinnar betur.
- Gott að hléypa gangandi vegfarendum um göturnar. Skemmtilegra líf í miðbænum.
- Gott að losna við bílana.
- Gott að vera laus við bíla á þessu svæði.
- Gott fyrir umhverfið.
- Greiðari leið fyrir gangandi. Er það ekki meinigin?
- Göngugötur bæta mannlíf, draga úr mengun, gera börnum, gamalmönnum og fólki með barnavagna og hjól auðveldara fyrir að ferðast um miðborgina.
- Göngugötur skapa góða stemningu í miðbænum. Það er skemmtilegra að fara á bæjarrölt án truflunar frá bílum.
- Kemur svo skemmtilegur bragur á borgina.
- Lífgar upp á mannlífið - betri loftgæði.
- Læti í bílum og of mikið af fólki er til að það komist á gangstéttir.
- Mannlíf afslappaðra án bíla. Hreinna loft og minni hávaði. Engin hætta á bílslysum. Fjöldi ferðamanna orðinn það miðkill að þeir rúmast varla eingöngu á gangstéttum á neðri hluta Laugavegar og Skólavörðustígs.
- Meira líf, meiri samskipti, bílastæða leit óþarfi, skilvirkari innkaup ef þarf að þræða búðir.
- Meira mannlíf, minna bílalíf.
- Meira og lifandi mannlíf.
- Meira pláss fyrir fólk, minni mengun.
- Meiri líkur á að ég fari í miðbæinn.
- Meiri stemning og pláss fyrir fótgangandi vegfarendur. Betra loft og rólegra andrúmsloft.
- Mér finnst það auka á mannlífið, fólksést ganga um, ekki löng bílaröð. Í sumum tilfellum var fyrir lokun pökkuð gangstétt og örfáir bílar á ferli, sem er arfaslök nýting á fermetrum.
- Miðborgin er fin fyrir gangandi vegfarendur, síður fyrir bíla.
- Miðborgin verður ánægjulegri til útivistar.
- Miklu skemmtilegra að ganga um miðbæinn.
- Minni bílaumferð.
- Minnkuð bílaumferð og meira mannlíf.
- Mynda st skemmtilegt götulíf.
- Skapa skemmtilega stemningu, gott að vera laus við útblástur og hávaða í bílum.
- Skapar skemmtilega stemningu í borginni.
- Skemmtilegs stemning og öruggara fyrir krakka.
- Skemmtilegra mannlíf.
- Tel það styðja við blómstrandi félagslíf í borginni.





## Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

### Mjög jákvæðir

#### 101 - Miðbær frh.

- Vegna þess að það er indælt að geta gengið um miðbæinn ótruflaður af bílum.
- Vegna þess að það skapar miðbæjarstemningu sem næst ekki meðfram bílaumferð. Þó svo að ég búí í miðbænum og sé með fyrirtæki sem verður fyrir því að aðgengi bygja og annarra að því sé heft vegna lokunar gatna mætti mín vegna loka fleiri götum og lengur, jafnvel útbúa upphituð svæði eða skýli svo að miðbærinn yrði meira lifandi.
- Það uðgar líf í borgarkjarnanum. Það gerir hverfið að laðandi. Það væri frábært að hafa göngugötur allt árið!
- Það uðveldar útivist og gönguferðir um miðborgina.
- Það er allt of mikið af fólki í miðbænum um sumur og sumargötur hjálpa rosalega með þrengslin sem myndast.
- Það er betra og skemmtilegra að vera gangandi vegfarandi og að hjóla þegar göturnar eru lokaðar. Auk þessar allt hjóðlátara og rólegra þegar bílarnir eru víðs fjarri sem gerir borgarmeninguna þægilegri og skemmtilegri.
- Það er mikið um gangandi fólk og það þarf sitt rými. Einnig skapar þetta léttara yfirbragð.
- Það er þægilegt að þurfa ekki að hafa áhyggjur af bílaumferð.
- Það lifnar yfir miðbænum, fleira fólk á ferli, fólk gefur sér meiri tíma, meira umfjölskyldufólk. Mér finnst börn líka öruggari á ferð þegar göngugöturnar eru til staðar. Mannlíf.
- Það skapar pláss fyrir lifandi miðbæ.
- Þá er meira pláss fyrir gangandi vegfarendur og það verður góð stemning í miðbænum við það. Bílar hafa nægilega mikið pláss.
- Þá er pláss fyrir fólk í miðbænum ekki bíla. Það er miklu að uðveldara að komast á milli staða.
- Því þarna er mun meira af fólki en bílum og þetta býr til miklu betri stemningu.

#### 103 - Kringlan

- Almennt betra að hafa miðbæinn sem mest fyrir gangandi og hjólandi.
- Bílastæða húsin eru góð, fínt að geta bara gengið um.
